

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar
b/t Haraldar Líndal Haraldssonar bæjarstjóra
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Hafnarfjarðarbær
3/2 2016
1602104
6521



Reykjanesbæ, 1. febrúar 2016

Stjórn HS Veitna ákvað á fundi sínum þann 22. janúar að boða til hluthafafundar föstudaginn 19. febrúar 2016 kl. 08:30 að Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ.

Dagskrá fundarins er þannig, samanber 13. gr. samþykktu félagsins:

1. Fundarsetning; Gunnar Þórarinnsson, stjórnarformaður.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
4. Tillaga um kaup á eigin hlutabréfum.
5. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Á áðurnefndum stjórnarfundum samþykkti stjórnin að leggja eftirfarandi tillögu fyrir hluthafafund:

"Lagt er til að keypt verði eigin bréf fyrir 500 m.kr. og að verðið verði í samræmi við endanlegt innra virði samkvæmt uppgjöri ársins 2015. Samkvæmt síðasta uppgjöri þann 30. júní 2015 var innra virðið 7,52 kr./hlut og 7,63 þegar bréf voru keypt á árinu 2015.

Kauptilboðin verða þá þannig (miðað við gengi 7,52):

- Reykjanesbær 33.311.170 hlutir á 7,52 eða kr. 250.500.000
- HSV Eignarhaldsfélag slhf 22.860.505 hlutir á 7,52 eða kr. 171.911.000
- Hafnarfjarðarbær 10.251.197 hlutir á 7,52 eða kr. 77.089.000
- Sandgerðisbær 66.489 hlutir á 7,52 eða kr. 500.000
- Samtals 66.489.361 hlutir á 7,52 eða kr. 500.000.000


Varðandi samþykktir þá er lagt til að breyting verði gerð á 4. grein þar sem nú segir "Hlutfé félagsins er 1.074.300.000 króna" og í staðinn komi tala sem er lægri sem nemur endanlega seldum hlutum samanber að ofan.

Að lokum er hér með einnig upplýst að stjórnin hefur ákveðið að aðalfundur félagsins verði haldinn miðvikudaginn 9. mars kl. 15:00 að Brekkustíg 36. Nánara fundarboð fyrir aðalfundinn verður sent síðar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar HS Veitna hf


Júlíus Jónsson
forstjóri